

REGLUGERÐ

22

26. jan.

um breyting á reglugerð fyrir nefnd verkalýðsfélaganna á Siglufirði
nr. 42 12. marz 1957.

Í 9. gr. reglugerðarinnar komi: kr. 52.00, kr. 60.00 og kr. 8.00 í stað „kr. 20.00, kr. 25.00 og kr. 4.00“.

Reglugerðarbreyting þessi, sem er samin af úthlutunarnefndinni, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar og lögum nr. 4 20. janúar 1959 um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. janúar 1961.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

GJALDSKRÁ

23

2. febr.

fyrir Vatnsveitufélag Grafarness.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar liggja, svo og öðrum húsum, er fá vatn leitt úr vatnsveitu félagsins, skal greiða vatnsskatt árlega. og miðast skatturinn við lögskipað fasteignamat á húsum 2% af fasteignamati.

Heimtaugargjald skal greiða kr. 500.00 að viðbættu 1% af fasteignamati hússins.

2. gr.

Fyrir önnur vatnsnot skal greiða sem hér segir:

Fiskiðjuver greiði 1% af fasteignamati húsa og kr. 2.00 fyrir hverja innvegna smálest af fiski til vinnslu.

Róðrabátar frá Grundarfirði greiði kr. 1000.00 fyrir vatn til verbúða og fyrir bát.

Vatn selt til skipa við bryggju kr. 15.00 fyrir tonn, en minnsta gjald er kr. 30.00.

Vatn til steypu, af hverri notaðri sementstunnu kr. 1.00

Fyrir hverja sauðkind, sem slátrað er á staðnum — 0.50

Fyrir hvern stórgrip, sem slátrað er á staðnum — 5.00

Vatn selt um mæli kr. 1.00 fyrir hverja lest allt að 2000 lestum, en af hverri umframlest kr. 0.75.

Fyrir öll önnur vatnsnot, sem ekki eru talin í gjaldskrá þessari, skal greiða eftir samningi við stjórn félagsins.

Náist samkomulag ekki skal almennur félagsfundur ákveða hann, þó þannig að það sé í samræmi við gildandi vatnalög.